



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

NÁMSVAL UNGS FÓLKS

Hvernig fer það fram?

Arney Einarsdóttir
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF



Markmið rýnihópa

- Að varpa ljósi á viðhorf ungmenna til iðn- og starfsnáms
- Að varpa ljósi á ímynd iðnfyrirtækja meðal ungmenna
- Að varpa ljósi á ímynd starfa í iðnaði meðal ungmenna





Framkvæmd - 2006

- Upplýsingaöflun og hönnun spurningaramma
- Boðun í gegnum skólana - tilnefningar
- Leitað beint til væntanl. þátttakenda
- Hvatningargjöf – gjafakort
- Tveir rýnihópar 30. mars og 6. apríl
 - Ungt fólk í iðn- starfsnámi – 7 þátt.
 - Ungt fólk ekki í iðn- starfsnámi – 7 þátt.



Þátttakendur – rýnihópur 1

Ungt fólk í iðn- eða starfsnámi

- Kjötiðn (Hótel- og matvælasæk)
- Bílgreinar (Borgarholtssk)
- Hönnunardeild (IR)
- Grafísk hönnun (IR)
- Húsasmíði x 2 (IR)
- Húsgagnasmíði (IR)




Þátttakendur – rýnihópur 2

Ungt fólk ekki í iðn- eða starfsnámi

- Byggingatæknifræði (HR)
- Lögfræði (HÍ)
- Viðskiptafræði (HR)
- Málabraut (MH)
- Námsráðgjöf (HÍ)
- Náttúrufræðibraut (MR)
- Félagsfræðabraut (Versló)





**Viðhorf ungs fólks
EKKI í iðn- eða
starfsnámi**

Framtíðin
Evrópustaðlar
Hnattvæðing
Mikil þróun

Iðnfyrirtækin
Fólk vinnur mikið og slitur sér út
Ímynd iðnfyrirtækja ekki sterk
Nemalaun og "skitastörf" nema hafa neikvæð áhrif á mynd fyrirtækjanna

Störf iðnmenntaðra
Þekkja helst smiðinn og hárgreiðsluna
Slítandi og líkamlega erfið störf, mikil vinna og ófjölskylduvænn tími
Slys og líkamlegt tjón sterkur áhættuþáttur - en hægt að fara í meira nám
Getur gengið vel og fengið há laun ef fólk er duglegt
Ímyndin sterk að séu fyrir fólk sem standi sig illa í námi
Skemmtileg og kapandi störf og árangur sýnilegur
Tekjumöguleikar ekki síðri í iðnstörfum en mikil vinna

Námsval
Stefna flest ung á menntaskóla, annað kom ekki til greina
Iðnnám kom ekki til greina - skortur á færni, óaðlaðandi störf og fjölskylda
Fjölskylda, vinir og kennarar hafa mjög rík áhrif
Iðnmenntaðir foreldrar ráðleggja jafnvel börnum sínum frá iðnnámi
Horfa jafnvel síður til launa en iðnnemar

Skólarnir
Minna um kynningar á iðnnámi en bóknámi í grunnskóla
Þörf á aukinni kynningu í grunn- og framhaldsskólum
EKKI ljóst í þeirra huga hvað iðnnám og/eða listnám er
Listnám útundan í umræðunni - mætti tala um iðnnám, bóknám og listnám sem 3 póla
Nemalaun og "skitastörf" nema hafa neikvæð áhrif á mynd námsins
Ímyndin lífseig að iðnnám sé fyrir þá sem ekki geta lært á bókina
Ímyndin batnandi með nýjum greinum og vaxandi eftirspurn

**Störf háskóla-
menntaðra**
Síður sýnilegur árangur og sköpun en í iðnstörfum
Erfiðustu viðfangsefnið varðandi síðferði og heiðarteika
Grunnnám í háskóla gefur síður skýr réttindi eða störf
Launin ekki endilega hærrí en hjá iðnmenntuðum
Stefna flest á störf hjá hinu opinbera - kennsla ofl.
Launin eru ekki aðalatriðið hjá þessum hópi

Samantekt - aðgerðir

- Áhersla á kynningar í grunnskólum, menntaskólum og gagnvart ungu fólki á vinnumarkaði
- Huga að fyrirkomulagi varðandi samninga og nemalaun í öllum greinum – t.d. koma á atvinnumiðlun og skerpa hlutverk fyrirtækja.
- Auka áherslu í skólunum á líkamsbeitingu og þjónustu
- Iðnfyrirtækin þurfa að styrkja ímynd sína í hugum ungs fólks til að laða það til starfa
- Iðnfyrirtækin þurfa að byggja upp vænlegri vinnutíma og huga að forvörnum v. slitsjúkdóma
- Skapa enn sterkari ímynd af iðnstörfum sem skemmtilegum, skapandi og nóg af atvinnutækifærum





Rýnihópur I

Ungt fólk í iðn- og starfsnámi



NÁMSVAL



Taka ákvörðun mjög ung eða nær tvítugu

- “3ja ára, alltaf verið með bíladellu og fikta í rafmagni. Pabbi er með bílasölu”
- “Þegar ég sá 18, 19 ára hversu tilgangslaust var að taka stúdentspróf”
- “Búinn að vinna við þetta í 10 ár og þá alveg jafn gott að læra þetta”
- “Fyrir 4 árum, er förðunarfræðingur og að fara í bakinu og þurfti að mennta mig meira”
- “Kominn með leið á útkeyrslu og öðru”



Leiðinlegt í bóknámi – iðnnám skemmtilegra...

- “Fékk ógeð á verkfræði og ákvað að gera eitthvað skemmtilegt. Gaman að dunda og smíða”
- “Leiðinlegt í háskólanámi (viðskiptafræði) og þetta er skemmtilegra. Skemmtilegra að sitja ekki allan daginn og gera ekki neitt”



Fjölskyldan hefur sterk áhrif

- “Pabbi”
- “Sér hvar maður byrjar og hvar maður endar. Klára iðnnám og klárar. En háskólanám er ekki þannig”
- “Pabbi minn er smiður og allir sáttir”
- “úr sveit og alltaf verið að dunda eitthvað. Vil vera úti”
- “Pabbi kærustu minnar er í húsgagnasmíði til hliðar við vinnuna. Leist vel á það”



Ímynd skólanna er batnandi?

- “Mér finnst hún neikvæð. Fólk sagði bara IÐNSKÓLINN þegar ég var að byrja. Samt viðhorf að verða jákvæðara”.
- “Enn neikvæð ímynd en hefur lagast mikið síðustu 4 ár. Heyrast ekki enn jafn háværar raddir”
- “Fjölskyldu minni finnst þetta mjög fínt en enginn skilur hvað ég er að læra” (grafísk miðlun)
- “Það er ekki litið niður á þetta, langt í frá”
- “Oft litið á Iðnskólann sem botnfall og þeir sem geta ekki neitt fara þangað. En iðnaðarmenn vita um hvern annan”



Mikil eftirspurn eftir fólki og hægt að gera það gott

- “Vantar iðnmenntað fólk. Löng bið eftir því að fá iðnaðarmann”
- “Eru gullgrísir í dag. Þú ert fljótari að fá til þín líftæknifræðing en pípara”
- “Mikið búið að vera í umræðu að smiðir og málarar hafi það gott. Án þess að þurfa að vera að þræla öll kvöld og helgar”
- “Hægt að hafa jafnmikið og háskóla-
menntaðir”





SKÓLARNIR



Aðstaða og kennsla almennt góð

- “Technical college. Nafnið virt. Aðstaða að batna”
- “Borgarholtsskóli – með bestu bílaaðstöðu á öllum Norðurlöndum og það sama gildir um ímynd”
- “Topp aðstaða betri en á mörgum vinnustöðum”
- “Með bestu aðstöðuna, eina sem ég get kvartað yfir er loftræsting”
- “Mætti þyngja námið”
- Aðstaðan fín og kennararnir mjög góðir”
- “Miklu betri í iðnskólanum en í Hafnarfirði eða Breiðholti”
- “Mjög fín aðstaða”
- “Mér finnst námið bara snilld”



Samstarf á milli iðngreina í náminu er mikilvægt

- “Mætti vera meira samstarf milli brauta, fundum það t.d. á sýningunni Verk og vit...”
- “Við erum með sýningar einu sinni á önn sem heitir matur, brauð og vín – einnig er nema og sveinakeppni um helgina... Gagnlegt samstarf”



Auka áherslu á líkamsbeitingu í námi

- “Standa við borð og skera alla ævi – líkamlega erfitt”
- “Þarft að vinna mjög hratt. Um akkorð að ræða. Mjög slítandi”
- “Kannski líkamlegi parturinn, standandi allan daginn á steingólfi. en ég veit það ekki”.
- “Lítið í skólanum um líkamsstöður og kennararnir mættu benda á rangstöður”
- “Slit”
- “Flestir fara í öxlunum”

(Spurt um hvað sé erfiðast...)



Leggja áherslu á þjónustu- þáttinn í náminu

- “Tala við viðskiptavinina, geta verið svo þverir, halda alltaf að þeir viti allt”
- “Fá viðskiptavin til að treysta þér”

(Spurt hvað sé erfiðast í störfunum)



Kynna iðnnám og starfsmöguleika bæði í grunn- og menntaskólum

- “Þarf að kynna starfsmöguleika gagnvart grunn-skólafólki. Þá var bara kynnt hvað getur þú gert ef þú ert lögfræðingur” (enginn fékk kynningu á iðnnámi)
- “Iðnskólinn í Reykjavík sendi út eitthvað kynningarefni en ekki aðrir skólar” (í grunnskóla)
- “Mér finnst það mætti kynna betur í framhaldsskólum – af hverju er bara háskólinn að kynna sig?”
- “Margir vita ekkert um aðra möguleika og eru mögulega að missa af því”
- “Þú veist ekkert hvað þú vilt gera 15 ára og því ætti að kynna þetta síðar”



Atvinnumiðlun og markviss eftirfylgni vegna samninga

- “Veit ekki hvert ég ætti að leita eftir samning. Kennarar reyna að aðstoða en þeir geta það ekki alltaf. Vantar atvinnumiðlun”
- “Á að vera meistari yfir manni sem lemur mann áfram. Í Húsasmiðjunni t.d. Enginn að fylgjast með þér”
- “Systir mín að læra hárgreiðslu og sópaði í mánuði á skítalaunum. Hætti þess vegna”
- “Hann fer kannski til pabba síns sem er snjall smiður og lærir margt og hinn fer í stórt fyrirtæki og lærir bara að sópa”
- “Maður þarf að komast í litlu fyrirtækin til að öðlast reynslu. Kynnast fleiri verkþáttum”
- “Þarf að stokka upp þetta meistarakerfi”



Lág nemalaun fæla fólk frá iðnnámi

- “Fólk með fjölskyldur og börn og skuldbindingar. 70-80 þúsund á mánuði. Þessi samningsklausu í iðnnámi er að fæla frá, bæði vegna þess að hún er tilgangslaus og þú ert á hlægilegum launum”
- “Vera í réttu stéttarfélagi, samingar milli fyrirtækja og verkalýðsfélaga, bíliðnaðarfélaginu”.
- “Ríkið á að niðurgreiða starfsnám”
- “Og námslánin eru tekjutengd”
- “...Taka upp SU styrki – styrkja námsmenn á þessu sviði (sbr. Danmörku)”





STÖRF HÁSKÓLAMENNTAÐRA



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Betri samningsstaða, starfsöryggi meira og minni hreyfanleiki

- “Gerir meiri kröfur í samningi, meiri uppsagnarfrest ef þú ert háskólamenntaður”
- “Ólíklegra að maður með háskólagráðu hoppi milli starfa en bifvélavirki þakkar niður á föstudegi og byrjar á nýjum stað á mánudegi”
- “Meiri kröfur um starfsöryggi hjá þeim sem eru með háskólagráðu. Vilja frekar festa sig, fá stöðugleika”
- “Almennt meira starfsöryggi hjá háskóla-menntuðu starfsfólki”
- “Er hægt að verðleggja þetta starfsöryggi sem fæst með gráðunni?”
- “Háskólamenntað fólk – meiri fjárfesting í manneskjunni”



Langtímaverkefni og þægilegur vinnutími en ekki gefið að launin séu há

- “Verkefnin eru lengri, til margra mánaða, margra ára, en í iðnaðardjorbbum eru verkefnin stutt en mörg...”
- “...eflaust meiri hluti þeirra sem útskrifast úr humanískum greinum, en fríðindin meiri t.d. styttri vinnutími”
- “...sagnfræðingur (*vísar í vin sinn*) er með innan við 200 þúsund í laun og er búin að mennta sig lengur”
- “Verkfræðingur með 300-400 þúsund í laun og þægilegan vinnutíma”





STÖRF IÐNEMNTAÐRA



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Störfin eru bæði skapandi og verkefni fjölbreytileg

- “Sjá eitthvað standa eftir sig”
- “Og fjölbreytni, skemmtilegt maður gerir margt”
- “Fjölbreytt, að geta verið stoltur af því sem maður hefur gert”
- “Sjá nú er það bara komið. Eitthvað sem maður var með í hausnum”
- “Sama, fjölbreytni, byrja á einhveru og klára eitthvað. Andleg fullnæging”
- “Kannski helst ef maður hannar einhverjar nýjar vörur” (kjötiðn)”
- “Örugglega mest gefandi er þróunarvinna með eldsneyti, metangas o.fl.”

(spurt hvað sé mest gefandi...)



Meiri eftirspurn eftir fólki með iðnmenntun en stúdentspróf eða háskólamenntun

- “Aðrir sem taka stúdent fá ekki vinnu, viðhorfið hjá þeim er – hvað ætlar þú að fara að gera”
- “Vantar iðnmenntað fólk. Löng bið eftir því að fá iðnaðarmann”.
- “Eru gullgrísir í dag” (iðnmenntaðir)
- “Markaðurinn orðinn fullur af háskólamenntuðu fólki í svipuðum geira”
- “Vantar mikið af bifvélavirkjum – löng bið á verkstæðum”
- “Nóg eftirspurn eftir ungu fólki í þessum greinum”



Ekki síðri tekjumöguleikar en lengri vinnutími og minna starfsöryggi

- "Hægt að hafa jafnmikið og háskólamenntaðir"
- "Veit ekki, 250-500 þúsund".
- "Allavega 200 netto"
- "eftir 5 ár 300 plús"
- "Þegar ég fór út í þetta, búinn að fara á mörg verkstæði, fæ 240 þús eftir 1 ár. Strax kominn í 300 plús".
- "Vonandi rúmlega 300 fyrir skatt"
- "Maður hefur heyrt háar, lágar, himinháar tölur. Þegar ég fór út í þetta, sagði ég útborgað 140-180 þúsund en svo var ég að tala við strák um daginn sem sagði þetta geta verið mun hærra ef menn væru duglegir".
- "... Ef allt heppnast, eftir 10 ár ... Myndi ekki sætta mig við minna en 350 plús".
- "Vinur minn sem er sagnfræðingur er með innan við 200 þúsund í laun og er búinn að mennta sig lengur"
- "Ert fljótari upp í iðnnámi en hinu"
- "Ef þú ert að byrja inni á vinnumarkaði eru meiri líkur á að fá hærri laun sem verkamaður en háskólamenntaður".
- "Verkfræðingur með 300-400 þús í laun og þægilegan vinnutíma".
- "... En fríðindin meiri t.d. styttri vinnutími (háskólamenntaðra). Meiri kröfur um starfsöryggi hjá þeim sem eru með háskólagráðu"



Vilja vinna sjálfstætt eða hjá minni fyrirtækjum

- "Ég veit það ekki, mig langar ekki að starfa hjá neinu fyrirtæki, ekki stóru fyrirtæki. Frekar mitt fyrirtæki"
- "Vera svolítið sjálfstæður, kannski 2-3 ár í fyrirtæki"
- "*Hættara við að maður sé að gera alltaf það sama í stóra fyrirtækinu*"
- "*Ég ætla að stofna mína eigin stofu, ákvað það þegar ég byrjaði*"

Þátttakendur áttu erfitt með að nefna nöfn á fyrirtækjum í iðnaði...



Ímynd iðnfyrirtækja ekki góð

- “Vinnum ekki fyrir stórfyrirtæki. Þeir selja mig út á 5.000 kall og borga manni eitthvert slíkk”
- “Þeir sem eru hjá minni fyrirtækjunum eru betur borgaðir”
- “xx og þessi stóru fyrirtæki eru að rústa öllu”
- Þátttakendum vafðist tunga um tönn við að nefna iðnfyrirtæki:
- BM Vallá, Stúdíó, Grandi. Ístak, Eykt, Mest, Loftorka, Vírnet, B&L, Ræsir, Hekla, Ingvar Helgason, SS, Íslenskir aðalverktakar, Marel Össur.



Helsta áhyggjuefnið er innflutningur á erlendu vinnuafli

- “Framtíðin – bara hrun. Innflutningur á vinnuafli”
- “Svo mikið af útlendingum sem halda launum niðri. En Pólverjar vinna lengi og vinna hægt”
- “Lág laun og of margir Pólverjar sem eru að drepa þetta niður”.



Nokkuð björt framtíðarsýn og nóg af vinnu

- “Alltaf að koma einhverjar nýjar og nýjar tegundir af byggingum. Það verður alltaf byggt en koma nýjar aðferðir”
- “Björt von í þróun vetnis”
- “Framtíðin sé mjög björt. Miðlun er að koma í allt, verð partur af framtíðinni”
- “Bara mikil þróun, þarf alltaf að teikna”





Rýnihópur II

Ungt fólk ekki í iðn- eða starfsnámi





Námsval



Stefna ung í menntaskóla, annað kom ekki til greina

- “Alltaf legið fyrir að fara í menntaskóla”
- “Ætli það sé ekki að systkini mín. Fóru í MR 16 ára og fluttu að heiman”
- “Er utan af landi og þurfti að flytja að heiman til að fara í menntaskóla og MH áhugaverðastur”
- “Kom ekki mikið annað til greina en að fara í menntaskóla. Versló heillaði mig frá því í sjöunda bekk”
- “Er ekki búin að ákveða hvað ég ætla að verða”
- “Var í Iðnskólanum, ætlaði í arkitektúr. Átti eftir stúdent og fór í fjölgreinabraut FB og kláraði þar iðnhönnun...endaði...taka stúdent og kynntist iðntæknifræði”
- “Er með iðnhönnun. Sé eftir að hafa ekki valið smiðinn. Góð menntun”.



Iðnnám kom ekki til greina - skortur á færni, óaðlaðandi störf og fjölskylda

- “Fór á snyrtifræðibraut í FB.Hætti eftir viku. Vissi ekki að ég þyrfti að fikta í tánum á fólki. Sé aðeins eftir því núna”
- “Vissi ekki um allt námsframboðið í verknámi”
- “Hef ekkert verið að bera mig eftir því [iðnnámi]...algjörlega laus við færni”
- “Aldrei þælt í því. En mjög sniðugt að fara í iðnnám. Býður upp á marga möguleika. Aukavinnu. Svarta vinnu”
- “Sprengja heima hjá mér “[ef hún hefði valið iðnnám]
- “Rosalega hissa og einhver reynt að tala mig af því” [að fara í menntaskóla]



Fjölskylda, vinir og kennarar hafa áhrif á námsval, iðnmenntaðir foreldrar ráða jafnvel frá iðnnámi

- “Ætli það séu ekki systkini mín. Fóru í MR 16 ára og fluttu að heiman”
- “...svo fór vinur minn í lögfræði. Honum fannst það magnað og ég bara elti hann svolítið”
- “Frá því að ég var 8 ára með systur mínar...”
- “Skemmtilegur sálfræðikennari í skólanum, þess vegna valdi ég sálfræði”
- “Heyrði mikið frá vinum mínum um MH”
- “Má segja að pabbi hafi jafn mikla trú á náminu þar [skóli á landsbyggðinni] og mælti með MH”
- “Harðákveðin að fara í bekkjarkerfisskóla”
- “Þrýstingur á mig heima að fara í MR”
- “Bróðir minn...hefur herjað á mig...”
- “Langaði alltaf að verða fatahönnuður. Mamma mín er fatahönnuður. Kjólameistari. Hún ráðlagði mér eindregið frá því að fara í saumaskap”



Horfa síður til launa en iðnnemar

- “Þýðir lítið að spyrja mig um peninga. Geri ekki miklar kröfur. Aldrei sótt um störf í tengslum við laun. Sækist eftir störfum tengt áhuga”
- “Pabbi bendir mér alltaf á að hann vilji fá mig í byggingaverkfræði, betur borgað en huglæg störf. En fer eftir hvort ég fer í sönginn eða kennslu”
- “Held ég viti það alveg, hækkar ekki mikið. Kannski 250.000-300.000”
- “Hef áhuga á hagfræði .. kannski 400-500 þús”





SKÓLARNIR



Minna um kynningar á iðn- og starfsnámi en öðru námi – mætti kynna meira í framhaldsskólum

- “Getur farið í skólakynningar í Reykjavík í þeim skólum sem þú hefur áhuga á”.
- “Í 10.bekk...fenginn kennari frá Iðnskólanum og þá gat maður farið niður eftir til að kynna sér...”
- “Vantar bara kynningu. Grafísk miðlun eitthvað. Var bara að heyra þetta í haust. Ekkert sem hver sem er getur gert”
- “Sammála...man ekki eftir neinni kynningu í sambandi við iðnnám”
- “Finnst nauðsynlegt að kynna betur fyrir nemendum í grunnskólum. Mikið brottfall í menntaskólum...kynna líka í framhaldsskólum”.
- “Foreldrar beina þér 16 ára í menntaskóla og þarf að kynna það [iðnnám] þar”
- “Tengi iðnnám við þessar iðngreinar. Smiður, Hárgreiðslukona”



Nemalaun og “skítastörf” hafa skaðleg áhrif á ímynd námsins

- “Á nemalaunum, á skítalaunum einhvers staðar” [sagt með lítilsvirðingu]
- “Nemar oft notaðir í skítastörfin. Á hótél xxx sem matreiðslunemi í sama skítastarfinu allan tímann”
- “Maðurinn minn þurfti áfallahjálp” [matreiðslunemi]”

Spurt um iðn- og starfsnám



Listnám útundan í umræðunni – 3 pólar

- “Fatahönnun telst sem listgrein”
- “Mikið talað um iðnnám og bóknám sem andstæða póla. Þá gleymist svolítið listnámið”
- “Gæti hugsað mér að vera Vala Matt tvö – svona innanhússhönnun. Hef svolítinn sans fyrir því”



Ímyndin lífseig að iðnnám sé fyrir þá sem ekki geta lært á bókina

- “Allir sem stóðu sig illa fóru í grunnbrautir”
- “Mér finnst fólk líta niður á iðnnám. Þeir sem fara í iðnnám séu heimskir”
- “Þeir sem eru lesblindir eða eitthvað er beint á þessar brautir”



Ímyndin batnandi með nýjum greinum og vaxandi eftirspurn

- “En er að breytast með nýjum brautum, fjölmiðlafræði, tölvunarfræði, öll hönnun”
- “Held að ímyndin sé að breytast vegna vöntunar og að eftirspurnin er að aukast”
- “Ég þekki fólk sem gerir það seinna samt” [að fara í iðnnám]
- “Er ekki betra að vera vinnandi smiður en atvinnulaus viðskiptafræðingur”
- “Ímyndin var allavegana neikvæð. Er að breytast”





Störf háskólamenntaðra



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Síður sýnilegur árangur og sköpun en í iðnstörfum

- “Hjá mér ekki eins sýnilegt [í störfum sem stefna á]. Þú vinnur mál og það er gefandi”
- “En ekki hjá mér [sýnilegt í námsráðgjöf] nema geta fylgst með fólki til lengri tíma litið”.
- “Ekkert endilega að skapa”
- “Draumur hjá öllum að skilja eitthvað eftir sig”



Erfiðustu viðfangsefnin varðandi siðferði og heiðarleika

- "...eitthvað tengt siðferði...þarf að velja hvort maður ætlar að vera heiðarlegur eða ekki"
- "Góður punktur...Siðferði"
- "Verja þann sem þú veist að er sekur"
- "Getur þú ekki slakað á þínum kröfum til að ná meiri gróða? Ódýrara að byggja húsið"



Grunnnám í háskóla gefur síður skýr réttindi eða störf

- “Eins og sálfræðin sem gefur engin réttindi”
- “Þessi fög sem þú getur ekki kallað þig neitt sem er verst”
- “Ofmetið að ústkrifaðir eftir þriggja ára háskólanám og sért eitthvað betri en hinir sem hafa verið að vinna. Innilokaður í háskóla í þrjú ár”
- “Byrjar svo að læra þegar þú kemur út á vinnumarkaðinn”



Stefna mörg á störf hjá hinu opinbera

- “Hefur alltaf langað inn á þing. Hafa eitthvað með þjóðmálaumræðuna að gera”
- “Ætla að vera námsráðgjafi í framhaldsskóla”
- “... Enskar bókmenntir, langar að kenna þær á framhaldsskólastigi. Það eða tónlistin”
- “Á þing”
- “Vera í dómsalnum eitthvað að gaufast þar. Stefni á að vera lögmaður”
- “Verð að reikna og teikna út grindur fyrir iðnaðarmennina og fylgjast með að þeir vinni sitt verk vel. Hanna það”





STÖRF IÐNEMNTAÐRA



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Þekkja helst smíði og hárgreiðslu og sem leið til að stofna eigið fyrirtæki

- “Tengi iðnnám við þessar iðngreinar. Smíður. Hárgreiðslukona”
- “Maður fékk þessar kynningar...minnst á smiðinn, hárgreiðslu, rafmagnsfræði o.fl. Svo hittir maður fólk sem er í fjölmiðlafræði og tölvunarfræði sem maður hélt að ekki væru iðngreinar”
- “Veit ekki alveg hvað iðngrein er í mínum huga”
- “Góð leið til að reka eigið fyrirtæki”



Slítandi og líkamlega erfið störf, mikil vinna og ófjölskylduvænn tími

- “Fólk vinnur svo mikið [í iðnstörfum] en getur það haldið út alla ævi?”
- “Þú slítur þér út í iðnstörfum. Líkamlegt erfiði”
- “Fólk hættir í iðnnámi því erfitt að vera sem nemi”
- “Múrverk er líka skemmtilegt, en slítandi að vera í þússningu með sementsryk”.
- “Vera boginn í baki einhvers staðar á skítalaunum en ef duglegur getur gengið vel”
- “Þeir sem eru búnir með nám í háskóla þurfa ekki að vinna eins mikið. Ef þú ert kokkur þarftu að vinna á kvöldin”



Slys og líkamlegt tjón sterkir áhættuþættir í starfi en nú hægt að fara í meira nám

- “Hittir margi smíði sem hafa
dottið og slasað sig og eru að fara
í nám. Stefna á að fara að stjórna
öðrum. Góð leið til að reka eigið
fyrirtæki”



Ímyndin sterk að sé fyrir fólk sem standi sig illa í námi

- “Vorur í mínum huga þessi störf...búið að nefna hér. Illa borgað. Allir sem stóðu sig illa í bóklega náminu fóru á grunnbrautir. Er að breytast með nýjum brautum...”
- “Þeir sem eru lesblindir eða eitthvað er beint á þessar brautir”
- “Mér finnst fólk líta niður á iðnnám. Þeir sem fara í iðnnám séu heimskir”
- “Við sjáum þessar virkjanir og sjáum bara Pólverjana. Það talar enginn íslensku”



Skemmtileg og skapandi störf og árangur sýnilegur

- “Allt sem tengist smíði er skemmtilegt, vinna með efni”
- “Alltaf að búa eitthvað til. Skapa eitthvað”
- “Smíðshöggið er svo gefandi”
- “Sér árangur. Eins og að skila ritgerð þegar er búið að prenta hana út”
- “Þetta býður líka allt upp á framhaldsnám”



Tekjumöguleikar ekki síðri í iðnstörfum en mikil vinna

- “Hálf milljón á mánuði”[eftir 10 ár]
- “Aldrei sótt um störf í tengslum við laun”
- “Byrjendalaun iðnfólks lægri en hækki hraðar”
- “Byrjunarlaun álíka hjá smið og byggingartæknifræðingi...”
- “Fullt af fólki sem vinnur iðnstörf með miklu hærri laun en háskólamenntaðir”
- “Ungir ómenntaðir sem vinna hjá Háfelli eru með fleiri hundruð þúsunda á mánuði”
- “Já, en vinna eins og skepnur”
- “Heimilislæknirinn nær smiðnum um sextugt”
- “Ég væri örugglega að fá miklu meira en í því sem ég stefni á”





Iðnfyrirtækin



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Ímynd fyrirtækja í iðnaði ekki sterk

- "...dettur bara ekkert í hug núna"
- "Verktakafyrirtæki. Járnbinding eða eitthvað"
- "Sé fyrir mér hárgreiðslustofur"
- "Járnbinding og byggingarverktakar. Gunnar og Gylfi"
- "Ístak, Íslenskir aðalverktakar"
- "Háfell, Alcoa"
- "Eina sem mér dettur í hug er Sandfell og Klakkur"
- "Háfell af því að ég þekki það persónulega"
- "Loftorka af því að það tengist fjölskyldu minni og svo einhver af þessum iðnfyrirtækjum"
- "...Íslenskir aðalverktakar og Múr og mál"





Framtíðin



Áhrifaþættir á störf háskólam. eru hnattvæðing, evrópulög og staðlar

- “Hjá mér er alltaf eitthvað að koma frá Brussel” [lögfræði]
- “Sama...hnattvæðingin, heimurinn að minnka”
- “Evrópustaðlar að hafa mikil áhrif á mitt starf” [byggingartæknifr.]
- “Heilmikil þróun. Mikið af fullorðnu fólki að koma aftur í nám” [námsráðgjöf]
- “Brussel”

